

Breiðagerðisskóli
2009 – 2010



4.

Bekkur

Efnisyfirlit

Árganganámskrá.....	3
Kennarar í árganginum.....	3
Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum	4
Nestis og matarmál nemenda	4
Námsmat.....	5
Heimanám	5
Starfið í árganginum.....	5
Íslenska.....	7
Stærðfræði	15
Samfélagsfræði.....	22
Náttúrufræði	24
Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði	27
Enska	29
Lífsleikni	31
Upplýsinga og tæknimennt.....	33
Myndmennt	38
Textílmennt	40
Hönnun og smíði	42
Tónmennt.....	44
Heimilisfræði.....	46
Skólaíþróttir.....	48
Sund.....	50
Útikennsla.....	51
Sérkennsla	52

Árganganámskrá

Í árganganámskrá 4. Bekkjar kemur fram áætlun um það helsta sem nemendur árgangsins koma til með að læra á skólaárinu. Námskrá árgangsins er samin í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla (2007), stefnu Reykjavíkurborgar og stefnu Breiðagerðisskóla.

Kennarar í árganginum

G. Kolbrún Leifsdóttir	umsjónarkennari
Linda Björk Pétursdóttir	umsjónarkennari
Svanhildur Árnadóttir	umsjónarkennari
Sigurður Reynir Ragnhildars.	íþróttir
Halla Leifsdóttir	hönnun og smíði
Hildur Björnsdóttir	textílmennt
Kristín Einarsdóttir	myndmennt
Valgerður Árnadóttir	íþróttir/sund
Sigrún Erla Hákonardóttir	tónmennt
Steinunn Þórhallsdóttir	heimilisfræði
Guðmundur Jörundsson	sund
Kristín Ásta Halldórsdóttir	þroskaþjálfari
Kristín Pétursdóttir	sérkennari
Guðbjörg Garðarsdóttir	bókasafnskennari

Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum

Foreldrafulltrúar eru valdir úr hverjum árgangi og hafa þeir skv. 4.gr. laga Foreldrafélags Breiðagerðisskóla eftirfarandi hlutverk: að starfa með stjórn foreldrafélagsins við að efla og styrkja samstarf við foreldra innbyrðis, vinna með kennurum við skipulagningu á bekkjarfundum, skemmtunum og öðrum verkefnum. Þannig er leitast við að styrkja innra starf skólans og treysta samband heimila og skóla.

Hefð er í skólanum fyrir tveimur árgangaskemmtunum að frumkvæði bekkjarfulltrúa, á haust- og vorönn. Foreldrar hafa unnið að jólaskemmtunum með því að koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð.

Nestis og matarmál nemenda

Í Aðalanámskrá Grunnskóla, Almennur hluti bls.16 segir m.a. um menntun.

„Almenn menntun felur í sér að leggja í samvinnu við heimilin rækt við heilbrigði og hollar lífsvenjur“

Við skipulag og matseðlagerð í Breiðagerðisskóla hafa ábendingar frá Lýðheilsustöð verið hafðar að leiðarljósi. Lýðheilsustöð hefur sett fram heildstæðar ábendingar um almennt matarræði skólabarna. Þar er lögð áhersla á að þau börn sem borða góðan morgunverð heima ætti að nægja ávöxtur, mjólkurglas eða jafnvel vatnsglas í morgunnestinu. Nemendum í Breiðagerðisskóla gefst kostur á að kaupa hollan og næringaríkan hádegisverð. Þeir geta einnig keypt mjólk í morgun- og hádegisnesti.

Breiðagerðisskóli vill í samvinnu við foreldra stuðla að hollum lífsvenjum og vellíðan nemenda. Því viljum við hvetja til þess að börnin komi með ávexti, grænmeti eða brauð með góðu áleggi í morgunnesti. Sætindi eru eingöngu leyfð þegar við gerum okkur dagamun. Í þeim tilfellum fá foreldrar tilkynningu bréfleiðis eða með tölvupósti frá kennurum.

Í útikennslu mega nemendur gjarnan taka með sér heitt kakó.

Námsmat

Námsmati í. 1.-4.bekk er skipt í leiðsagnamat og lokamat.

Leiðsagnarmatið er samofið öllu námi og fer fram jafnt og þétt. Matskvarðar í list-og verkgreinum á yngra stigi er tilbúnir og farið er að vinna eftir þeim. Í lok vetrar meta nemendur sjálfir vinnubækur sínar áður en þeir skila kennara.

Lokamat er gefið tvisvar á ári í janúar og í júní. Í janúar er það afhent í viðtölum en í júní fá nemendur það afhent síðasta skóladaginn. Lokamatið er gefið í orðum

Ág. (afburðagott) 95%-100%

Mg (mjög gott) 80%-94%

G (gott) 60%-79%

Ng. (nokkuð gott) 50%-59%

Nemandi sem nær minna en 50% námsmarkmiða er ekki að vinna við hæfi.

Námsmarkmiðhjál nemenda sem nær minna en 50% námsmarkmiða þarf því að endurskoða.

Heimanám

Nemendur fá heimanám á miðvikudögum og skila á mánudögum. Áhersla er lögð á lestur og að skrifa tíu orð úr textanum sem þeir lesa heima. Nemendur fá verkefni til frekari þjálfunar á þeim þáttum sem verið er að vinna með í skólanum hverju sinni í stærðfræði og íslensku.

Starfið í árganginum

Í þessum árgangi vinnum við saman sem ein heild. Kennararnir bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum og koma að kennslu allra nemenda.

Hver kennari hefur umsjón með ákveðnum nemendum og sér um samskipti við foreldra/forráðamenn þeirra.

Árganginum er skipt í þrjá umsjónarhópa. Auk þess eru fjórir listgreinahópar og kynjaskipt er í nokkrum bóklegum tímum, íþróttum og sundi. Allur

árgangurinn fer saman í útikennslu. Árgangurinn vinnur saman að þemaverkefni einu sinni til tvisvar á vetri.

Markmiðið með hópaskiptingu, útikennslu og þemaverkefnum er að auka félagsfærni nemenda, efla sjálfstæði þeirra, venja þá við að vinna með ólíkum einstaklingum og koma til móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda samkvæmt stefnu skólans.

Nemendur taka þátt í þróunarverkefninu Orð af orði, þar sem áhersla er lögð á að bæta orðaforða nemenda á fjölbreyttan hátt ásamt því að stuðla að betra læsi til ánægju og náms. Í vetur bætist við kennsla í gagnvirkum lestri. Aðferðin byggir á því að nemendur beini huganum markvisst að efni textans og velti fyrir sér skilningi á efninu í heild.

Við erum að vinna í þróunarverkefni sem nefnum Hringekja - yngra stig.

Meginmarkmið með verkefninu er:

- að efla samvinnu og tengsl milli árganga á yngsta stigi (1.- 4.bekkur)
- að efla orðaforða og lesskilning
- að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda á fjölbreyttan hátt
- að efla skapandi skólastarf
- að auka fjölbreytni
- að efla nemendur í lýðræðislegum vinnubrögðum

Grunnurinn í stefnu Breiðagerðisskóla er sameiginleg ábyrgð á nemendum.

Verkefnið byggir á samvinnu þeirra sem koma að 1.- 4. bekk.

Skólaárinu er skipt upp í nokkur þemu, sem unnið er að í ákveðinn tíma. Lögð verður áhersla á að nemendur á misjöfnum aldri vinni saman að lausn viðfangsefna. Verkefnið verða útfærð á fjölbreyttan hátt, þannig að þau koma til móts við alla nemendur og verða unnin úti sem inni.

Íslenska

Markmið í íslensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Talað mál og hlustun

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti lesið og flutt mál sitt skýrt og áheyrilega
- geti farið eftir munnlegum fyrirmælum kennara
- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og jafnvel stærri hópi, t.d. foreldrum og geti sagt skipulega frá verkefnum sem þeir hafa unnið
- geti flutt eða sungið kvæði, þulur og ljóð með réttum áherslum og hrynjandi
- geti greint munnlega frá eigin reynslu t.d. eftirminnilegum atburðum
- tileinki sér þær reglur sem gilda þegar margir tjá sig í einu
- geti talað skýrt og áheyrilega við ýmis tækifæri
- taki þátt í leikrænni tjáningu
- tileinki sér þær reglur sem gilda þegar hlustað er á upplestur og horft er á flytjendur

Efnisþættir

Lesefni í bundnu og óbundnu máli, hlustun á upplestur nemenda og kennara og af geisladisk, umræður, upplestur, söngur.

Leiðir að markmiðum

Nemendur lesa upphátt heima og í skólanum. Nemendur hlusta á sögur í nestistímum. Nemendur lesa upp úr verkum sínum, segja brandara og frá atburðum úr lífi sínu frammi fyrir bekkjarfélögum sínum. Nemendur eru þjálfaðir í að sýna þeim sem talar virðingu með því að hafa kyrrð og næði og bíða eftir að röðin komi að þeim þegar þeir taka þátt í umræðum. Allir nemendur taka þátt í leiknu atriði á jólaskemmtun skólans. Nemendur koma fram á foreldraskemmtun a.m.k. einu sinni á vetri og segja frá þemaverkefnum sem þeir hafa unnið að.

Nemendur taka þátt í þróunarverkefni sem nefnist Orð af orði. Fjöldi rannsókna hefur sýnt að efling orðaforða er lykilatriði í styrkingu lesskilnings. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni í tengslum við þróunarverkefnið s.s. gerð hugtakakorta, orðhlutavinnu og orð dagsins sem er unnið með á margvíslegan hátt . Auk þess leggjum við áherslu á gagnvirka lesturinn í vetur .

Námsgögn

Ýmsar sögur, kvæði, þulur og ljóð.

Námsmat

Leiðsagnamat

Nemendum er leiðbeint jafnóðum um það sem betur má fara.

Lokamat

Ekkert

Heimanám

Lesið upphátt heima a.m.k. fimm daga vikunnar. Nemendur semja sögur sem þeir lesa fyrir bekkjarfélaga sína. Þeir læra valin ljóð utanbókar sem þeir flytja síðan fyrir kennarann eða hópinn.

Ritun

Meginmarkmið

Að nemendur

- dragi rétt til stafs
- hafi náð góðum skriftarhraða
- geti skrifað skýrt og læsilega og vandi allan frágang
- öðlist færni í að skrifa tengiskrift
- þekki stafsetningarreglur um stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum
- þekki reglur um sérhljóða á undan ng og nk
- geti skrifað einfaldan texta eftir upplestri
- geti orðað og skráð hugsanir sínar, langanir og reynslu
- þjálfist í að gera útdrætti munnlega og skriflega
- læri að skrifa ljóð og fylgja ljóðlínnum
- geti samið eigið ljóð
- geti samið sögur með upphafi, miðju og endi
- geti skrifað einfaldan texta á tölvu með réttri fingrasetningu
- kynnist ritvinnslu sem hjálpartæki við ritun

Efnisþættir

Tengiskrift, stafastærð, bil milli orða, fingrasetning, uppsetning texta, réttiritun, sögu- og ljóðagerð

Leiðir að markmiðum

Nemendur skrifa í forskriftarbækur og er þeim kennt að nota réttar tengingar. Áhersla er lögð á stafastærð, jafna skrift og gott bil á milli orða. Í stafsetningu skrifa þau upp æfingar rétt eftir réttu og eftir upplestri. Áhersla er lögð á að nemendur fylgi ljóðlínnum þegar ljóð eru skrifuð. Nemendur fá kennslu í að semja sögur sem hafa nafn, upphaf, meginmál og sögulok. Þeir semja sögur heima og í skólanum einstaklingslega. Í tengslum við þemavinnu vinna

nemendur sameiginlegan texta í litlum hópum og einstaklingslega. Áhersla er lögð á að nemendur vandi skrift og frágang. Við nýtum okkur einnig vinnulag frá námskeiðinu Orð af orði/gagnvirkur lestur eins og t.d. hugtakakort.

Kennt verður á Ritþjálfna, þar sem nemendur eiga að læra rétta fingrasetningu. Nemendur skila a.m.k. einu ritunarverkefni á tölvutæku formi.

Námsgögn

Skrift 4, ýmsar stafsetningaræfingar, Ljóðsprotar, Ljóðspor, Sögubókin mín. Sögur og ljóð valin með hliðsjón af viðfangsefnum í öðrum námsgreinum. Ritþjálfni (kennslubók í fingrasetningu) og ýmis kennsluforrit.

Námsmat

Skrift:

Leiðsagnamat

Skriftarbækur metnar og gefin fyrir mæli um hvað betur má fara.

Lokamat

Skriftarpróf er í lok hvorrar annar. Önnur vinna vetrarins er einnig metin.

Stafsetning:

Leiðsagnarmat

Nemendur vinna stafsetningarverkefni og leiðrétta villur sem þeir gera.

Lokamat

Stafsetningarpróf eftir upplestri tvisvar á vetri.

Sögu- og ljóðagerð:

Leiðsagnarmat

Umsagnir gefnar í ritunarbækur eða munnlega eftir hvert verkefni.

Ritþjálfni:

Leiðsagnarmat

Ritþjálfinn veitir nemendum strax upplýsingar um árangur hverju sinni sem kennari skráir niður.

[Hér](#) má sjá námsmatskvarða sem stuðst er við í 1. – 4. bekk í ritun

Heimanám

Nemendur vinna með frásagnir og sögur í ritunarbók (Sögubókin mín). Einnig skrifa nemendur í forskriftarbók.

Málvísi

Meginmarkmið

Að nemendur

- kynnist nokkrum grundvallarhugtökum málfræðinnar
- þekki hugtökin bókstafur, orð, samsett orð og málsgrein
- þekki mun á sérhljóða og samhljóða
- læri að þekkja stafrófið og kunni að raða í stafrófsröð
- kunni að ríma, öðlist tilfinningu fyrir hrynjandi orða
- þekki mun á samnöfnum og sérnöfnum og nýti sér þá þekkingu við stafsetningu
- þekki hugtökin samheiti, andheiti, samsett orð, kyn orða, eintölu og fleirtölu
- læri um nafnorð, lýsingarorð og sagnorð
- kynnist beygingum fallorða, stigbreytingu lýsingarorða, nútíð og þátíð sagna
- þekki algeng orðtök og málshætti
- geti notað orðabækur

Efnisþættir

Málsgreinar, setningar, sérhljóðar, samhljóðar, stafrófið, rím, samnöfn, sérnöfn, samheiti, andheiti, kyn, tala, fall, nafnorð, lýsingarorð, sagnorð, orðtök og málshættir.

Leiðir að markmiðum

Nemendur fylgjast með innlögnum verkefnum og vinna síðan einstaklingslega eða í litlum hópum að ýmsum verkefnum. Nemendur vinna einnig ýmis önnur verkefni sem þjálfar þá í réttri meðferð málsins þar sem tekið er mið af getu hvers og eins. Við notum þulunám til að nemendur fái betri tilfinningu fyrir rími og hrynjanda orða. Sögur eru lesnar fyrir nemendur þar sem er að finna málshætti og orðtök sem nemendur geta tileinkað sér.

Námsgögn

Orð dagsins, Litla Ritrún, Ritrún, ýmis móðurmálsverkefni og kennsluforrit t.d. Orðakistur, Ritbjörg, A-Ö, ABC 123, Snilliheimar, Glói og Lestrareyjan, TX 10, Lestur og Stafsetning, sem taka á ofangreindum efnisþáttum.

Námsmat

Leiðsagnarmat

Vinnubækur metnar og gefin fyrimæli um hvað betur má fara.

Lokamat

Skriflegt próf í lok hvorrar annar.

Heimanám

Nemendur fá öðru hvoru heimaverkefni til frekari þjálfunar á viðfangsefninu.

Lestur og bókmenntir

Meginmarkmið

Að nemendur

- tileinki sér jákvætt viðhorf til lestrar
- geti lesið sér til gagns og ánægju

- geti lesið upphátt og í hljóði á sæmilegum hraða
- geti lesið 200 – 250 atkvæði á mínútu
- geti skilið samhengi í texta
- lesi og skilji einfaldar sögur og ljóð
- kynnist fjölbreyttum bókmenntum – fornum og nýjum sem hæfa aldri og getu
- njóti þess að hlusta á upplestur og frásagnir
- velji sér bækur eftir áhugasviði og lesi sér til ánægju
- noti bækur til að afla sér upplýsinga vegna verkefna
- þekki hugtökin kvæði, ljóð, þula, vísa, erindi, ljóðlína og ljóðstafir
- þekki hugtökin söguþráður, sögulok, sögupersónur og boðskapur
- lesi bækur sem kennarar velja og velji sjálfir frjálslestrarbækur
- geti lesið fyrirmæli kennara og fylgt þeim
- séu færir að taka þátt í samlestri

Efnisþættir

Upplestur, hljóðlestur, yndislestur, upplýsingaöflun, umræður.

Leiðir að markmiðum

Einstaklingsvinna, nemendur lesa sögur í hljóði og vinna verkefni tengd textanum allt eftir lestrarfærni hvers og eins. Nemendur æfa upplestur til að lesa skýrt og áheyrilega. Unnið er í lestrarvinnubókum til að efla lesskilning. Hópverkefni, teknar verða fyrir valdar sögur sem allir lesa, þær ræddar og verkefni unnin á skriflegan, myndrænan eða leikrænan hátt. Nemendur eru hvattir til að velja sér bækur af bókasafni skólans og heima. Yndislestur, þar sem nemendur lesa í frjálslestrarbókum er að minnsta kosti þrisvar sinnum í viku.

Námsgögn

Lestrar- og vinnubækur við hæfi hvers og eins. Ljóðabækur, hljóðbækur, ævintýri, þjóðsögur og sögubækur. Ýmiss kennsluforrit s.s. Glói og Lestrareyjan, Lifandi ævintýri og Söguslóð.

Námsmat

Leiðsagnarmat

Vinnubækur metnar og fyrirmæli gefin um það sem betur má fara.

Lokamat

Hraðlestrarpróf og lesskilningspróf eru lögð fyrir þrisvar á ári.

Heimanám

Nemendur lesa heima upphátt að minnsta kosti fimm daga vikunnar ásamt frjálsum lestri í hljóði.

Stærðfræði

Markmið í stærðfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#).

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Stærðfræði og tungumál

Meginmarkmið

Að nemendur

- ræði um stærðfræði og geri grein fyrir hugsun sinni, bæði skriflega og munnlega í stærðfræðiverkefnum
- túlki niðurstöður sem settar eru fram á myndrænu formi s.s. súlurit, línurit og skífurit
- hjálpi hver öðrum og útskýri

Lausnir verkefna og þrauta

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti túlkað einföld verkefni tengd daglegu lífi á stærðfræðilegan hátt sem auðveldar honum að leysa verkefnið
- leysi fjölbreytt verkefni og þrautir einir eða í samvinnu
- geti túlkað einföld verkefni tengd daglegu lífi á stærðfræðilegan hátt sem auðveldar honum að leysa verkefnið
- geti rökstutt niðurstöður sínar, túlkað og sannreynt

Röksamhengi og röksemdafærslur

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti rökstutt niðurstöður sínar og skýrt lausnarleiðir
- geti rökstutt reikningsaðferðir sínar
- geti þekkt hlut, mynstur eða hugtak út frá lýsingu

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti leyst verkefni daglegs lífs með aðferðum stærðfræðinnar
- geti sett stærðfræðileg hugtök í sambandi við hversdagslega hluti til að gera þau skiljanlegri
- geti notað mynt og seðla, áætlað, talið og skráð peningaupphæðir og gefið til baka
- geti lesið úr einföldum töflum, t.d. stundatöflum, áætlana- og verðtöflum
- geti notað einföld rúmfræðileg hugtök við lýsingu og könnun fyrirbæra í umhverfinu
- hafa kynnst notagildi stærðfræði í
- geti notað einfaldar mælieiningar um hitastig, mál og vog, bæði óstaðlaðar mælieiningar og staðaleiningarnar m og cm, l og dl ásamt g og kg
- skilji grundvallaratriði tímatalsins og kunni á klukku, bæði tölvu-og skífuklukku.

Tölur

Meginmarkmið

Að nemendur

- sýni skilning á náttúrlegum tölum frá 1 upp í 1000
- geti lesið, skrifað, sýnt á reiknivél og notað í umræðum og annarri vinnu tölur allt að 10.000
- þekki neikvæðar tölur í eðlilegu samhengi, t.d. á hitamæli og í notkun á reiknivélum
- geti sýnt á fjölbreytilegan hátt skilning á hvað er helmingur, þriðjungur, fjórðungur, fimmtungur
- þekki sléttar tölur og oddatölur
- geti talið aðra hverja tölu, þriðju hverja tölu o.s.frv.
- sýni skilning á tugakerfinu sem sætiskerfi, t.d. með því að nota áþreifanlega hluti, s.s. sætisgildiskubba og myndir

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti notað fjölbreyttar aðgerðir við samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu
- skilji að margföldun er endurtekin samlagning
- kunni margföldunartöfluna upp í 10 og geti nýtt sér hana
- geti margfaldað þriggja stafa tölu með eins stafs tölu
- geti reiknað einföld deilingardæmi
- skilji að deiling er skipting eða endurtekin frádráttur
- noti reiknivél til að öðlast betri skilning á reikniaðgerðum og geti notað hana til að leggja saman, draga frá, margfalda og deila
- sýni tilfinningu fyrir tölum og stærðum þannig að þeir geti lagt mat á hvort útkoma úr reikningsdæmi er sennileg

- geti námundað að næsta tug og hundraði til að einfalda útreikninga

Hlutföll og prósentur

Meginmarkmið

Að nemendur

- hafi kynnst hlutföllum milli stærða og geti notað þau við lausnir einfaldra hagnýtra verkefna
- geti notað hugtökin tvöfalt, þrefalt, fjórfalt ... og helmingur, þriðjungur, fjórðungur ... bæði í sambandi við tölur og aðrar stærðir
- skilji hvað átt er við með orðunum "stækkun" og "smækkun" og geti stækkað og smækkað flatarmyndir, t.d. með því að nota pinnabretti eða myndvarpa

Rúmfræði

Meginmarkmið

Að nemendur

þekki helstu mælieiningar kg, g, km, m, cm, og mm

- þekki rétt, gleið og hvöss horn
- þekki og geti lýst nokkrum flatarmyndum og flokkað þær s.s. hring, þríhyrning, sexhyrning, ferning, rétthyrning og samsíðung
- geti komið auga á einslaga hluti og fleti í umhverfinu
- geti notað óstaðlaðar og staðlaðar einingar til að áætla, mæla og bera saman lengd, flatarmál, þyngd og rúmmál
- geti flokkað, hluti eftir lengd, flatarmáli, þyngd og rúmmáli
- þekki nokkur algeng mælitæki (s.s. vogarskálar og málband), geti notað þau og skilið að mælingar geta verið misjafnlega nákvæmar
- þekki höfuðáttirnar
- geti notað hugtök sem tákna stefnu til að lýsa hvernig ferðast er um umhverfið

- geti merkt hnit heilla talna í hnitakerfi
- geti fylgt leið á rúðuneti eða korti eftir munnlegum eða skriflegum leiðbeiningum
- geti speglað
- geti hliðrað flatarmyndum, t.d. á pinnabretti og á rúðuneti
- þekki samhverfur í skreytilist, geta búið til mynstur og þakið flöt með flísum með því að beita rúmfræðilegum færslum
- geti leyst einföld dæmi þar sem eyður eru notaðar til að tákna óþekkta stærð í jöfnu

Mynstur og algebra

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs
- geti skýrt tengsl milli þátta sem þeir þekkja í daglegu lífi t.d. fjölskyldutengsl
- geti leyst einföld dæmi þar sem eyður eru notaðar til að tákna óþekkta stærð í jöfnu
- geti búið til mynstur með margvíslegum hætti

Tölfræði og líkindafræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti lesið úr gögnum og túlkað gögn sem sett eru fram í töflum eða súlurítum
- geti skýrt líkur á að eitthvað gerist með því að nota hugtökin „öruggt“, „sennileg“, „óvíst“, „ósennilegt“
- geti notað tilraunir til að svara spurningum sínum um líkur, t.d. með því

Efnisþættir

Algebra, almenn brot, áttirnar, deiling, flatarmál, flutningur, formskoðun, frádráttur, hliðrun, hlutföll, hnit og hnitakerfi, jöfnur, klukkan, lengdarmælingar, lesa súlurit og töflur, líkur, margföldun, mismunur, mynstur, mælingar, námundun, neikvæðar tölur, rúmfræði, rúmmál, rökhugsun, samlagning, speglun, summa, talnamynstur, talnaskilningur, tímamælingar, tugabrot, tölfræði og tölulegar upplýsingar.

Leiðir að markmiðum

Kennsla fer aðallega fram sameiginlega í bekknum með innlögn, umræðum, sýnidæmum á töflu, notkun myndvarpa og hlutbundinnar kennslu. Nemendur vinna hver á sínum hraða, ýmist einir eða með öðrum nemendum í misstórum hópum. Nemendur fylgjast að í sömu bók en komið er á móts við ólíkar þarfir nemenda með mismunandi útfærslu viðfangsefna. Mikilvægt er að öll kennslutæki séu nemendum aðgengileg svo sem kennslupeningar, kubbar, speglar og málbönd. Þannig öðlast nemendur betur þann skilning og færni sem þeir þurfa að ná.

Stærðfræði kemur mikið við sögu í útikennslu þar sem nemendur glíma við stærðfræði í umhverfinu og látin útbúa verkefni í stærðfræði eftir fyrimælum s.s. við mælingar, áttir, hnit, hliðrun o.fl. .

Námsgögn

Eining 7 og 8 ásamt Línubókunum. Þær bækur eru notaðar til frekari þjálfunar á því sem er verið að vinna í Einingabókunum. Vinnublöð sem fylgja

Einingabókum eru líka notuð. Viltu reyna? Blár, Svartur – Hvítur og Fjólublár.

Plánetu – bókin Merkúrís. Vinnubækur fyrir vasareikna 3, 4 og 5.

Við stefnum á margföldun og Við stefnum á deilingu.

Í kennslustofunni eru kennslugögn til hlutbundinnar kennslu s.s. kubbar, speglar, málbönd, reglustikur, kennslupeningar o.fl.

Verkefni útbúin af kennurum eru notuð sem heimaverkefni.

Námsmat

Leiðsagnarmat

Námsbækur nemenda eru yfirfarnar reglulega og nemendur leiðrétta sem þarf.

Mikil áhersla er lögð á virkni nemenda í tímum og skil á heimanámi.

Lokamat

Próf er tvisvar á skólaárinu í janúar og maí.

Heimanám

Nemendur vinna mismunandi verkefni heima til frekari þjálfunar á viðfangsefninu .

Samfélagsfræði

Markmið í samfélagsfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- þekki til upphafs og þróunar mannsins
- þjálfist í umfjöllun um tímann og tímatal
- kynnist mismunandi menningarsvæðum í heiminum
- kynnist nokkrum sögufrægum persónum svo sem þjóðarleiðtogum, fornspekingum og landkönnuðum
- þekki til nokkurra sögulegra fornminja
- fræðist um skólagöngu barna á 19.öld
- geri sér ljóst að sérhver maður er einstakur en jafnframt hluti af heild – fjölskyldu, skólasamfélagi, bæjarsamfélagi og þjóðfélagi

Efnisþættir

Tíminn og tímabil, upphaf mannsins, saga ákveðinna landa, borga og heimsálfa á ákveðnum tíma, þróun þjóðfélaga, landafundir.

Leiðir að markmiðum

Hvert viðfangsefni er kynnt og rætt. Unnin eru valin verkefni hverju sinni sem eru í formi: ritunarverkefna, myndrænnar sköpunar, spurninga úr efni kennslubókar, hópvinnu og samþætt verkefni. Við nýtum okkur einnig vinnulag frá námskeiðinu Orð af orði/gagnvirkur lestur eins og t.d. hugtakakort.

Upplýsingaleit á vef og í bókum þegar unnið er dýpra með efni.

Námsgögn

Komdu og skoðaðu Sögu mannkyns, Ísland áður fyrr: Menntun til munns og handa.

Námsmat

Leiðsagnarmat

Verkefni yfirfarin reglulega og nemendum bent á það sem laga þarf. Lögð er áhersla á að nemendur ljúki verkefnum, að staðreyndir séu réttar og frágangur sé vandaður.

Lokamat

Vinnubækur nemenda metnar að vori ásamt völdum verkefnum sem unnin verða í hópvinnu.

Heimanám

Ekkert

Náttúrufræði

Markmið í náttúrufræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- þekki að jörðin er hluti af stóru sólkerfi; reikistjörnum, sól og tunglum
- geti lýst á einfaldan hátt hvernig hreyfingar jarðar orsaka dag og nótt, árstíðir, sjávarföll
- geri sér grein fyrir því að jörðin er í stöðugri þróun og hefur tekið miklum breytingum á löngum tíma
- geti lýst áhrifum sólarljóss á umhverfi sitt - hitastig, lífríki
- þekki að jörðin er byggð upp af nokkrum lögum
- sýni áhuga og frumkvæði við öflun upplýsinga
- átti sig á umhverfi sínu bæði úti og inni, rati um það og læri að fara eftir leiðbeiningum
- kynnist loftmyndum og gildi þeirra við kortagerð
- skilji stærðarkvarða loftmynda og korta
- læri að þekkja áttirnar
- læri að lesa staðsetningar af korti
- þekki helstu hugtök sem tengjast hnattlíkani
- kynnist mikilvægi korta í daglegu lífi
- læri um hringrás vatnsins, lífsferla, ljóstillífun og fæðukeðjuna

Efnisþættir

Reikistjörnur, sólin, tungl, stjörnur, flóð og fjara, kjarni, möttull, jarðskorpa, lofthjúpur, tunglferðir, svarthol, vetrarbrautir, náttúruvernd, áttirnar, mælikvarðar, loftmyndir og landakort, breiddarbaugar, lengdarbaugar, pólar, hæðarlínur, litir og merki á kortum, hringrás vatnsins, lífsferlar, grænuhornin, fæðukeðja.

Leiðir að markmiðum

Hvert viðfangsefni er kynnt og rætt. Unnin eru valin verkefni hverju sinni sem eru í formi: ritunarverkefna, myndrænnar sköpunar, spurninga úr efni kennslubókar, hópvinna og samþætt verkefni. Við nýtum okkur einnig vinnulag frá námskeiðinu Orð af orði/gagnvirkur lestur eins og t.d. hugtakakort. Upplýsingaleit á vef og í bókum þegar unnið er dýpra með efni. Vettvangsferðir og útikennsla eru tengd efnisþáttum náttúrufræðinnar.

Námsgögn

Komdu og skoðu himingeiminn, Komdu og skoðu landakort, Komdu og skoðu hringrásir, myndbönd, valdar fræðslubækur og fróðleikur af netinu.

Námsmat

Leiðsagnarmat

Verkefni yfirfarin reglulega og nemendum bent á það sem laga þarf. Lögð er áhersla á að nemendur ljúki verkefnum, að staðreyndir séu réttar og frágangur sé vandaður.

Lokamat

Vinnubækur nemenda metnar að vori ásamt völdum verkefnum sem unnin verða í hópvinna.

Heimanám

Ekkert

Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði

Markmið í kristinfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- fræðist um kristna trú og siðfræði hennar
- læri að Biblían er trúarbók kristinna manna
- þekki helstu hátíðir kristninnar, siði og tákni sem tengjast þeim s.s. jól, páskar og hvítasunna
- læri að þekkja nokkur tákni kristninnar sem finna má í kirkjum og temji sér virðingu fyrir því sem öðrum er heilagt
- hafi fengist við viðfangsefni sem tengjast vináttu, fyrirgefningu, umburðarlyndi, jafnrétti og nærgætni
- kynnist helstu trúarbrögðum heimsins í frásögnum af jafnöldrum

Efnisþættir

Jólin, fæðing Jesú og krossfesting, upprisan, páskar og hvítasunna. Íslam, búddatrú, hindúatrú og gyðingdómur.

Leiðir að markmiðum

Hvert viðfangsefni er kynnt og rætt. Unnin eru valin verkefni hverju sinni sem eru í formi: ritunarverkefna, myndrænnar sköpunar, spurninga úr efni kennslubókar, hópvinnu og samþætt verkefni. Við nýtum okkur einnig vinnulag frá námskeiðinu Orð af orði/gagnvirkur lestur eins og t.d. hugtakakort.

Upplýsingaleit á vef og í bókum þegar unnið er dýpra með efni.

Námsgögn

Birtan, Trúarbrögðin okkar, myndbönd og upplýsingar af neti.

Námsmat

Leiðsagnarmat

Verkefni yfirfarin reglulega og nemendum bent á það sem laga þarf. Lögð er áhersla á að nemendur ljúki verkefnum, að staðreyndir séu réttar og frágangur sé vandaður.

Lokamat

Verkefni nemenda metin að vori.

Heimanám

Ekkert

Enska

Markmið í ensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist áhuga og jákvætt viðhorf til tungumálsins
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í tengslum við hlustunarefni
- geti tekið þátt í samskiptum í kennslustofu, þ.e. kynnt sig, heilsað, kvatt, þakkað fyrir sig
- geti haft eftir söngva, rím o.fl. sem unnið hefur verið með í náminu
- skilji efni á hljómböndum/myndböndum/geisladiskum í tengslum við viðfangsefni sem unnið er með og er þeim kunnugleg
- þjálfist í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni

Efnisþættir

Tölur, litir, klæðnaður, fjölskyldan, líkamshlutar, dýr, ávextir, veður, frí- og hátíðisdagar.

Leiðir að markmiðum

Tónlist, hreyfing, ímyndun og leikir eru notaðir til að byggja upp orðaforða nemenda. Lögð er áhersla á hlustun, endurtekningu, myndefni og látbragð í kennslu. Nemendur eru þjálfaðir í að tjá sig á ensku í tímum, með því að endurtaka og segja einfaldar setningar. Nemendur æfa sig í að tala saman í 2 – 4 manna hópum. Nemendur vinna skrifleg verkefni einstaklingslega eða í hópi allt eftir því hvað við á hverju sinni.

Námsgögn

Rígh on ! Enska fyrir yngsta stig. Einnig munum við notast við ítarefni.

Námsmat

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum:

Áhuga, virkni og vinnubók sem er metin og gefin umsögn.

Heimanám

Ekkert

Lífsleikni

Markmið í lífsleikni er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- styrki félagslega hæfni sína
- öðlist betri skilning á sjálfum sér og öðrum sem tilfinninga- og félagsveru

Efnisþættir

Tilfinninga- og félagsþroski, einelti, samskipti, innlifun, setja sig í spor annarra, sam hjálþ.

Leiðir að markmiðum

Viðfangefni sem lagt er fyrir hverju sinni er rætt í hóp. Lögð er áhersla á að nemendur sýni þeim sem talar virðingu með góðri áheyrn. Nemendur vinna síðan einstaklingslega eða í smáum hópum að lausn verkefna, ýmist munnlega, skriflega, myndrænt eða leikrænt. Viðfangsefni lífsleikninnar tengjast daglegu skólastarfi órjúfanlegum böndum og leitast verður við að styrkja hæfni nemenda í leik og starfi.

Námöggn

Stig af stigi, Eineltishringur Olweusar, myndbönd og fleiri valin verkefni sem þykja henta hverju sinni.

Námsmat

Leiðsagnarmat

Nemendum er leiðbeint jafnt og þétt í daglegu starfi. Lögð er áhersla á virkni þeirra í tímum og tekið er eftir framkomu og tillitssemi þeirra við aðra í skólaumhverfinu.

Lokamat

Ekkert

Heimanám

Ekkert

Upplýsinga og tæknimennt

Markmið í upplýsinga og tæknimennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- tileinki sér jákvæða afstöðu til tölvunnar
- þekki helstu hluta tölvu og jaðartæki hennar og hafi tileinkað sér íslenskan orðaforða þar um
- læri og þjálfist í að nota rétta fingrasetningu og líkamsbeitingu
- venjist upplýsingatækni og tölvunotkun sem eðlilegum þætti náms
- geti skrifað texta í ritvinnslu og skreytt með myndum
- geti notað tölvu til að skrifa einfaldan texta og prentað út
- hafi unnið með kennsluforrit tengd flestum námsgreinum
- hafi notað tölvu til að semja eigið efni
- kunni að vista skjöl og ná í skjöl
- hafi vald á að prenta skjöl úr ýmsum forritum
- læri að leita sér upplýsinga á Netinu

Efnisþættir

Uppsetning texta (ýmsir möguleikar kynntir), myndskreyting við texta, möppukerfi tölva, lyklaborð - flýtylklar, fingrasetning, líkamsbeiting og leit upplýsinga á Netinu.

Leiðir að markmiðum

Nemendur hafa eina kennslustund á viku sem ýmist er nýtt til þjálfunar í ritvinnslu með ritþjálfara eða í tölvum. Unnið er markvisst að þjálfun í notkun tölvunnar til alls náms og þekkingarleitar. Reynt er að nýta tölvuna í öðrum námsgreinum.

Námsgögn

Forritið Word , Internetið, leitarforritið google.com og leit.is, Á músaslóð 2, kennsluvefir, ritþjálfari og ýmis kennsluforrit.

Námsmat

Leiðsagnarmat

Áhugi og virkni í tímum metinn. Nemendum leiðbeint hvernig best er að nýta tölvuna sér til gagns.

Lokamat

Ekkert

Heimanám

Nemendur eru hvattir til að nota það sem þau hafa lært í skólanum t.d. fingrasetningu, flýtleiðir og líkamsbeitingu þegar unnið er við tölvu annars staðar en í skólanum.

Upplýsingalæsi

Meginmarkmið

Að nemendur

- kynnist flokkunarkerfi fræðsluefnis á skólasafninu (Dewey)
- læri að nota efnisyfirlit og skrár, s.s. atriðisorðaskrá og nafnaskrá í fræðibókum

- geti leitað heimilda í bókum á skipulegan hátt, það felur í sér að nemandi geti mótað spurningar út frá efni og geti fundið gögn til að nota sem heimildir
- þekki þá möguleika sem skólasafnið býður upp á
- séu hvattir til lesturs

Efnisþættir

Flokkunarkerfi, heimildir, upplýsingar, bókasafnskerfi, efnisyfirlit, atriðisorðaskrá, bækur, lestrarhvatning.

Leiðir að markmiðum

Kennsla í menningar- og upplýsingalæsi er samofin og fer fram á bókasafninu. Hvert efni er rætt og kynnt og unnið út frá því. Upplestur og frjálsir tímar eru hluti af kennslunni. Í frjálsum tímum kynnast nemendur safninu á eigin forsendum, hjálpa m.a. við útlánaþáttinn, raða bókum í hillur eftir bókasafnskerfinu. Unnið með verkefni við hæfi hverju sinni ásamt gögnum á safninu. Unnið í hópum þegar það á við.

Námsgögn

Kennt er eftir bókinni *Í leik á skólasafni*, höf. Kristín Unnsteinsdóttir og Ragnhildi Helgadóttur. Ýmis safngögn eru notuð ásamt verkefnum við hæfi hverju sinni og m.a. er leitað fanga á netinu.

Námsmat

Bókasafnsfræðingur metur m.a. virkni og vinnusemi í tímum og gefur umsögn til umsjónarkennara.

Heimanám

Ekkert.

Menningarlæsi

Meginmarkmið

Að nemendur

- noti skólasafnið reglulega
- þekki ýmsar greinar bókmennta
- þekki nokkuð vel til helstu íslenskra og erlendra barnabókahöfunda og verka þeirra
- hafi kynnst nokkrum greinum vísinda, lista, tækni og verkmennta á skólasafninu
- kynnist hvað hugtakið höfundarréttur merkir
- þekki helstu bókasöfn í heimabyggð sinni

Efnisþættir

Bókasöfn í næsta nágrenni, hlustun, höfundaréttur, barnabókahöfundar, bókmenntir.

Leiðir að markmiðum

Kennsla í menningar- og upplýsingalæsi er samofin og fer fram á bókasafninu. Hvert efni er rætt og kynnt og unnið út frá því. Upplestur og frjálssir tímar eru hluti af kennslunni. Í frjálsum tímum kynnast nemendur safninu á eigin forsendum, hjálpa m.a. við útlánaþáttinn. Unnið með verkefni við hæfi hverju sinni ásamt gögnum á safninu. Unnið í hópum þegar það á við.

Námsgögn

Kennt er eftir bókinni *Í leik á skólasafni* eftir Kristínu Unnsteinsdóttur og Ragnhildi Helgadóttur. Ýmis safngögn eru notuð ásamt verkefnum við hæfi hverju sinni og er m.a. leitað fanga á netinu.

Námsmat

Umsögn verður gefin af bókasafnsfræðingi sem metur m.a. virkni í tímum.

Heimanám

Ekkert.

Myndmennt

Markmið í myndmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- hlusti vel á innlögn í upphafi kennslustundar
- vandi vinnubrögð og frágang verkefna
- sýni góða framkomu og samvinnu sín í milli
- gangi vel um efni, áhöld og húsgögn í skólastofunni
- geti tjáð og lýst eigin skoðunum, reynslu og tilfinningum á myndrænan hátt í teiknun, málun, mótun, þrykki og með blönduðum aðferðum
- þekki grunnhugtök sem tengjast myndlist svo sem frumlit, grunnformin, nálægð og fjarlægð, hreyfingu o. fl.
- upplifi myndlist sem jákvæðan og skemmtilegan þátt í tilverunni með eigin vinnu, athugunum á umhverfinu og læri Listasögu

Leiðir að markmiðum

Við upphaf hvers verkefnis í myndmenntakennslunni skipar innlögnin mikilvægan sess, henni er síðan fylgt eftir með viðeigandi myndefni sem getur ýmist verið úr bókum, veggspjöldum, mynddiskum eða spólum. Hlustun á sögur, ævintýri, ljóð og tónlist styðja við innlögn í mörgum verkefnum .

Umræður um það sem hlustað er á og það sem fyrir augu ber. Vettvangsferðir eru farnar til þess að skoða og athuga hluti og aðstæður í umhverfinu og taka myndir til þess að vinna með. Heimsóknir á sýningar og söfn þegar því verður við komið. Nemendur vinna saman í hópum eða einstaklingslega. Þátttaka í þemavinnu í árgöngum, námshópum og minni hópum.

Námsmat

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; áhugi/frumkvæði, kurteisi/tillitssemi, fyrirmæli/vinnulag, vandvirkni/frágangur og samvinna. Einkunn er gefin að vori.

Textílmenn

Markmið í textílmenn er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að efla verklag , vinnugleði og frumkvæði
- læri góða umgengni um stofu, efni og áhöld
- læri helstu hugtök og heiti textílmennar
- læri algeng vinnubrögð í mismunandi efni
- læri undirstöðuatriði í meðferð saumavéla
- læri að fitja upp, prjóna garðaprjón og fella af
- læri að sauma saman prjónles og ganga frá endum
- læri að þræða saumavél og sauma beinan saum
- læri að vinna myndverk í efni eftir eigin teikningu

Efnisþættir

Nemendur fitja upp og prjóna einfalt verkefni með garðaprjóni og fella af.

Nemendur sauma prjónlesið saman og ganga frá endum.

Nemendur rifja upp kynni sín af saumavélinni og sauma Vélsaumsæfingar frá Námsgagnastofnun.

Nemendur sauma verkefni eftir eigin teikningu og skreyta með útsaumi

Leiðir að markmiðum

Innlögn, kenndar þær vinnuaðferðir sem áhersla er lögð á.

Í tengslum við **þróunarverkefnið Orð af orði**

vinnum við jafnt og þétt með orð og hugtök sem notuð eru í textílmenn.

Nemendur safna orðum á veggspjöld og merkja áhöld og efni með skiltum. Nemendur vinna með orð á töflu með aðstoð kennara.

Einstaklingskennsla, kennari aðstoðar hvern og einn nemanda þar sem hann er staddur í vinnuferlinu, verkefni aðlöguð að getu hvers og eins
Hópkennsla þegar um samþættingu námsgreina er að ræða og þemadagar standa yfir.

Námsgögn

Kennslugögn og áhöld greinarinnar, bækur, blöð og vinnulýsingar.

Námsmat

Leiðsagnarmat sem fer fram samhliða náminu og byggist á eftirfarandi þáttum samkvæmt matskvarða list og verkmennta:

frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna.

Lokamat er gefið í orðum að vori og byggir á ofangreindum þáttum.

Heimanám

Ekkert.

Hönnun og smíði

Markmið í hönnun og smíði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- kynnist fleiri hugtökum og heitum tengd greininni
- kynnist mismunandi efnum til smíða
- þjálfist í meðferð og beitingu verkfæra
- þjálfist í réttri líkamsbeitingu við vinnu sína
- þjálfist í vönduðum vinnubrögðum og góðum frágangi
- þjálfist í sjálfstæðri hugsun í hönnun og sköpunarferli
- þjálfist í sjálfsmati
- tileinki sér góða hlustun og eftirtekt
- tileinki sér góða umgengni um efni, áhöld og starfsaðstöðu
- tileinki sér kurteisi, góð samskipti og hjálpsemi

Efnisþættir

Hönnun, hugmynda- og raunstærðarteikningar, sniðagerð, notkun vinkils, notkun súluborvélar, leðurvinna, plastvinna, tölvustýring og sjálfvirkni, hönnun og smíði á hlut út frá gefinni forskrift sem byggist á ákveðinni virkni, lausn, útliti eða þema.

Leiðir að markmiðum

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og verkfæri sem nota þarf til smíðinnar og þáttur nemenda í mismunandi hönnunarútfærslum verkefnisins. Í tengslum við þróunarverkefnið „Orð af orði“ verður aukin áhersla

lögð á orða- og hugtakainnlögn. Nemendur gera vinnuskýrslu í tengslum við eitt verkefni. Einstakir verkþættir eru útskýrðir með sýnikennslu, ýmist í hóp- eða einstaklingskennslu, eftir því sem hentar hverju sinni. Nemendur gera athuganir á umhverfi sínu og náttúru til að dýpka skilning sinn á inntaki námsgreinarinnar. Í verkefnum nemenda reynir kennari að styðjast við samþættingu annarra námsgreina eins og kostur er. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð.

Námsgögn

Verkfæri smíðastofunnar og ýmiskonar efni.

Námsmat

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna. Einkunn er gefin að vori og byggir hún á ofangreindum þáttum.

Heimanám

Ekkert.

Tónmennt

Markmið í tónmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- njóti þess að skapa tónlist og hlusta á hana
- læri íslensk barna- og ættjarðarlög og ýmis sönglög
- syngi hreint og með skýrum framburði
- dýpki tónlistarskynjun með hreyfingu og taktæfingum við hlustun
- fræðist um grundvallaratriði í tónfræði og læri um tiltekin tónskáld
- öðlist vald á að leika á skólahljóðfæri, skipulega og í frjálstri sköpun
- hlusti markvisst á tónlist og læri að greina eftir heyrn hljóðfæri og efnisþætti tónlistar
- taki þátt í einstaklings- og hópvinna við margskonar tónlistarflutning

Efnisatriði

Söngur, markviss hlustun, hreyfing, leikur á hljóðfæri skólastofunnar, vinna í vinnubók og kennslubók.

Leiðir að markmiðum

Hópvinna og samvinna við flutning og sköpun tónlistar, söng, hreyfingu og hljóðfæraleik

Einstaklingsvinna í vinnubók í tónmennt við skrifleg verkefni og hlustun

Námsgögn

Vinnubækur, kennslubækur og söngbækur samkvæmt árgangi, ýmiskonar viðbótarkennsluefni og hlustunarefni, skólahljóðfæri
Nemendur fá eina kennslustund í viku auk morgunsöngs hálfsmánaðarlega.

Námsmat

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum samkvæmt matskvarða list- og verkgreina; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna. Einkunn er gefin að vori og byggir hún á ofangreindum þáttum.

Heimanám

Ekkert heimanám

Heimilisfræði

Markmið í heimilisfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri um helstu næringarefni í fæðuflokkum fæðuhingsins
- vinna sérstaklega með kornflokk
- auki þekkingu sína á góðum matarvenjum
- læri að reglubundnar máltíðir eru mikilvægar
- fái þjálfum í að nota rafmagnstæki undir leiðsögn kennara t.d eldavél og handþeytara
- fái þjálfun í að lesa leiðbeiningar og fara eftir fyrirmælum
- þjálfist í að vinna sjálfstætt einföld verkefni
- geti lagt snyrtilega á borð
- temji sér að sýna kurteisi við borðhald
- viti um gagnsemi og skaðsemi örvera
- hugleiði helstu leiðir til sparnaðar (orka, vatn, pappír o.fl.)
- læri um helstu hættur á heimilum og hvernig koma má í veg fyrir óhöpp
- geti sýnt umburðarlyndi, tekið tillit, gengið frá vinnusvæði sínu og farið eftir reglum kennslueldhússins

Efnisþættir

Mikilvægi og tengsl hollrar fæðu og heilbrigðis. Fæðuhringurinn og næringarefnin. Hreinlæti og góður frágangur. Orkusparnaður, slysaætta, borðsiðir, kurteisi og tillitssemi.

Leiðir að markmiðum

Innlögn verkefnis. Verkefnin eru bæði skrifleg og verkleg. Nemendur vinna saman 3 – 4 að verklegum verkefnum. Í hverjum hópi er einn verkstjóri.

Hlutverk verkstjórans er að sjá til þess að allir í hópunum séu virkir þátttakendur. Nemendur skiptast á að vera verkstjórar. Markmið verkstjórahlutverksins er að efla sjálfstæði, frumkvæði og ábyrgð nemenda. Hver hópur ber ábyrgð á frágangi á sínu vinnusvæði. Skrifleg verkefni eru einstaklingsvinna. Í tengslum við þróunarverkefnið Orð af orði er áhersla aukin á orð og hugtök sem tilheyra námsefninu

Námsgögn

Hollt og gott fyrir 4. bekk. Hráefni til matargerðar samkvæmt verkefnavali. Í tengslum við þróunarverkefnið Orð af orði er áhersla aukin á orð og hugtök sem tilheyra námsefninu.

Námsmat

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna. Einkunn er gefin að vori og byggir hún á ofangreindum þáttum.

Heimanám

Ekkert

Skólaíþróttir

Markmið í skólaíþróttum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist stjórn á líkama sínum
- öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar
- öðlist jákvæðari sjálfsmynd
- öðlist meira áræði
- styrki gróf- og fínreyfingar
- öðlist betra þrek og þol

Efnisþættir

Alhliða grunnþjálfun ýmsir leikir og æfingar, þrautabrautir, knattleikir, áhöld, frjalsar íþróttir, útihlaup og útivera, stöðvaþjálfun, teygjur og slökun.

Leiðir að markmiðum

Meginmarkmið skólaíþróttar er m.a. að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og afkastagetu. Markvisst íþróttar- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Eitt af mikilvægari markmiðum skólaíþróttar er að styrkja sjálfsmynd nemenda, auka sjálfstraust þeirra og áræði. Við markmiðasetninguna er tekið mið af þroskaþáttum nemenda: skyn- og hreyfiþroska, líkams- og fagurþroska, félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska og vitsmunarþroska.

Fyrstu skólaárin hafa börn yfirleitt mikla hreyfipörf, gleðjast yfir hverjum leik og eru með rannsóknarhug. Við skipulagningu kennslunnar þarf að koma til móts við þessa þætti. Leikir og markvissar æfingar, sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínhreyfingar, eru þættir sem skipa eiga stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin. Þá skal einnig tengja áður nefnda þætti við markvissa uppbyggingu á almennri líkamshreysti og þreki. Á fyrstu skólaárunum læra börnin smám saman að öðlast stjórn á líkama sínum og mótast sem heilsteyptir einstaklingar.

Hópinnlögn og einstaklingsaðstoð. Fjölbreytt kennsla með mikilli áherslu á leiki, jákvæðan aga og að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Kennsluefni

Bækur og rit um íþróttir og leiki. Ýmis áhöld smá og stór.

Námsmat

Nauðsynlegt er að nemendur séu látnir taka þátt í stöðluðum prófum til að hægt sé að meta hreysti þeirra og byggja upp kennsluna á markvissan hátt.

Leiðasagnarmat er samofið kennlsunni og er geta nemenda metin jafnóðum Tilgangurinn er að hvetja og örva nemendur.

Lokamat er gefið á vorin og byggir það á stuttum æfingum og prófum þar sem geta nemenda er metin auk þess er framkoma, dugnaður, vinnusemi færni og framfarir eru metnar.

Sund

Markmið í sundi er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti synt 25 m bringusund
- geti synt 12 m skólabaksund
- geti synt 12 m skriðsund
- geti synt 12 m baksund
- geti kafað eftir hlut á 1,5 - 2 metra dýpi

Leiðir að markmiðum

Lögð áhersla á fjölbreyttar undirbúningsæfingar sem leggja grunninn að hinum hefðbundnu sunaðferðum. Í þessum æfingum er leitast við að ná tökum á að fljóta á bringu og baki, læra öndun og slaka á í vatninu, kafa eftir hlutum á botni laugar, fara í leiki sem efla þessa þætti. Að nemendur læri og æfi sundtökin jafnhliða því sem upp er talið.

Námsmat

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt er hugsað til að hvetja og örva nemendur á meðan vinnunni stendur.

Lokamat er gefið að vori og byggist það á ástundun framkomu og virkni í tímum ásamt mati á því hvort nemendur hafi náð markmiðum vetrarins. Tekið verður fram ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar.

Útikennsla

Meginmarkmið

Að nemandi

- noti öll skilningarvit sín, þ.e. að hlusta, horfa, snerta og lykta
- njóti útiveru og hreyfingar
- kynnist nánasta umhverfi sínu og efli vitund og virðingu fyrir því
- læri að vinna með öðrum í leik og starfi
- efli félagsfæri sína

Efnisþættir

Stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, íslenska, kristinfræði, samskipti, leikir, hópefli, útivist, umhverfisvitund o.fl.

Leiðir að markmiðum

Farið er út með allan árganginn í einu og unnið með ýmis verkefni sem tengjast námsefninu hverju sinni í samræmi við námsmarkmið Aðalnámskrár grunnskóla. Ýmist er unnið einstaklingslega eða í smáum hópum. Unnið er nánar/ítarlegar með ýmis verkefni síðar í skólanum.

Námsmat

Leiðsagnarmat er notað til að hvetja nemendur og örva. Fylgst er með virkni og áhuga nemenda og fléttast matið inn í umsagnir í öðrum fögum.

Heimanám

Fylgjast með veðurfréttum og klæða sig eftir veðri.

Sérkennsla

Sérkennsla er eitt af kennslutilboðum skólans til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda sinna.

Í skólanum er starfrækt námsver. Hlutverk þess er að styðja við nemendur og kennara. Í námsveri starfar sérkennari, kennari, talkennari, þroskaþjálfari og stuðningsfulltrúi. Nemendur fá sérkennslu ýmist í námsveri eða á vinnusvæðum þeirra. Þar er boðið upp á:

- sérkennslu fyrir nemendur sem geta ekki fylgt árganganámskrá og er kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá
- stuðning við nemendur sem þurfa tímabundna aðstoð utan bekkjar
- félagsfærniþjálfun
- kennslu í íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Talkennari skólans er Heba Hallsdóttir. Hún sér um talkennslu fyrir nemendur skólans. Heba starfar í Breiðagerðisskóla á þriðjudögum og er þá einnig til viðtals og veitir ráðgjöf fyrir þá foreldra sem þess óska.

Deildarstjóri sérkennslu hefur umsjón með námsveri.

Deildarstjóri sérkennslu sér um ýmis próf og kannanir sem gerðar eru í skólanum í samvinnu við umsjónarkennara. Enn fremur leggur hann fyrir greinandi próf í lestri, stærðfræði og málþroska fyrir einstaka nemendur.

Foreldrar eru hvattir til að leita aðstoðar hans óski þeir eftir því.

Deildarstjóri sérkennslu er Kristín Pétursdóttir.

Þau próf sem lögð eru fyrir 4. bekk eru:

Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði lögð fyrir í október

Hraðlestrarpróf á haust- og vorönn

Lesskilningspróf á haust- og vorönn